

Nd.

710. Frumvarp til laga

um breyting á vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 70. gr. laganna bætist:

5. Nú hefur samkomulag náðst um bætur, og skal þá jarðareiganda skylt að leita um það samþykkis sveitarstjórnar þess sveitarfélags, sem jörðin tilheyrir, svo og ráðherra þess, er fer með vatnamál. Neiti annar hvor þessara aðila að staðfesta samkomulagið, skal mat fara fram.
6. Nú verða landspjöll af völdum miðlunarvirkis, og skal þá þriggja manna nefnd hafa á hendu varðveislu bótafjárins og eftirlit með því, að fénu sé varið lögum samkvæmt. Nefndin skal skipuð þannig: einn skal tilnefndur af þeim landeigendum, sem fyrir landspjöllunum hafa orðið, annar af hlutaðeigandi hreppsnefnd eða hreppsnefndum, ef svo hagar til, að landspjöll frá sama vatnsvirki ná til jarða í fleiri hreppum, en þriðja manninn tilnefnir Búnaðarfélag Íslands, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Ef landeigendum eða hreppsnefndum kemur ekki saman um tilnefningu manns í nefndina, skal ráðherra skipa hann. Nefndin hefur reikningshald geymslufjárins og starfar undir yfirumsjón Búnaðarfélags Íslands og landbúnaðarráðuneytisins, sem endurskoðar reikninga nefndarinnar.
7. Bótum, sem greiddar eru vegna landspjalla af völdum miðlunarvirkja, má aðeins verja til umbóta á þeim jörðum, er fyrir skemmdum hafa orðið. Bætur þessar skulu afhentar sem geymslufé áður greindri nefnd, er ávaxtar það á tryggum stað og greiðir það eigendum þess eftir því, sem umbótum á jörðinni miðar áfram. Hver jörð heldur séreign sinni í geymslufénu, og fylgir það jörðinni, sé hún seld eða henni ráðstafað á annan hátt. Þessi ákvæði taka þó ekki til þeirra jarða, er vegna landspjalla eða af öðrum ástæðum eru taldar lítt byggilegar eða óbyggilegar að dómi Búnaðarfélags Íslands. Þegar svo hagar til, er jarðareiganda heimilt að verja bótafé sínu til þess að koma upp nýbýli á hentugum stað innan sama sveitarfélags eða til umbóta á eldra býli í sama sveitarfélagi, allt í samráði við Búnaðarfélag Íslands og nefnd þá, er áður greinir.
8. Nú fær jarðareigandi, sem verður að flytja af ábýlisjörð sinni af framan greindum ástæðum, ekki jarðnæði eða treystist ekki til að halda áfram búrekstri í sama sveitarfélagi, og á hann þá kröfu á, að jarðakaupasjóður ríkisins taki við jörðinni ásamt geymslufé hennar, með þeim skyldum, er því fylgja, fyrir það matsverð, sem bæturnar voru miðaðar við.
9. Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða 5.—8. málsg. að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.